# FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á

Fimmtudagur 24. ágúst 2017 | 29. tbl. 15. árg. Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Jón Arilíus KÖKULIST



Treystu mér fyrir veislunni!

www.kökulist.is

Firði • sími 555 6655





Vantar allar gerðir eigna á söluskrá!

Hafið samband við sölumenn okkar.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983





Komdu í Karate

Frábær æfing fyrir fólk á öllum aldri

Byrjenda- og framhaldsnámskeið hefjast 28. ágúst.

– Ókeypis prufutími

KARATEDEILD HAUKA

www.kdh.is



Litla Gæludýrabúðin

Fullkomið Hundabað

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666


# Þarf hátt í 200 milljónir í viðbót í viðhald á ári

## Miklu meira sett í viðhald en áður en dugir ekki til

Í aðsendri grein Helgu Ingólfsdóttur, formanns umhverfis- og framkvæmdaráðs, bregst hún við ritstjórnargrein blaðsins og segir að frá árinu 2013 hafi verið varið 200 milljónum kr. í viðhald á fasteignum bæjarins en það dugi ekki til. Frá 2009 til 2012 hafi aðeins 56 milljónum árlega verið varið til viðhaldsins í niðurskurðinum eftir hrun.

Telur hún að tvöfalda þurfi upphæðina á ári miðað við eignasafn bæjarins.



Ljósm.: Guðni Gíslason

*Víða er mjög slæmt ástand á eignum bæjarins þó viðhald hafi verið aukið frá því sem var eftir hrun.*


A-stöðin

TAXI

Hafnfirska leigubílastöðin

520 1212



Burger★inn



Sími: 555 7030

www.burgerinn.is



Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Kirkjuvellir 12A



NÝ

*Nýjar íbúðir!*

*2ja, 3ja og 4ra herbergja.*

*Stærðir: 58,3 - 109,1 m².*

*Verð: 32,0 - 44,5 millj. kr.*

Kvistavellir 3D



NÝ

*Ný 144,9 m² 4ra herbergja raðhús á einni hæð með bílskúr.*

*Verð 65,0 – 67,0 millj. kr.*

Hnoðravellir 8-10



NÝ

*Ný 143,3 m² 4ra herbergja raðhús á einni hæð með bílskúr.*

*Verð 62 – 63,9 millj. kr.*

ÁS FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2016

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is

FJARÐAR fréttir

**Útgefandi:** Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Guðni Gíslason
**Ritstjórn:** 565 4513, 896 4613, **Auglýsingar:** 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja · **Dreifing:** Íslandspóstur
ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
www.fjardarfrettir.is
www.facebook.com/fjardarfrettir.is
**Hönnunarhúsið ehf.**, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

## leiðarinn



Borgarlína er heiti á draumaverkefni sem á að hraða samgöngum á höfuðborgarsvæðinu en þó aðeins á einni „borgarlínu“.

Í dag er á teikniborðinu hugmynd um að fara um Reykjavíkurveginn og bæta við tveimur akreinum fyrir léttlest eða hraðvagna en akreinarnar tækju að lágmarki 6,8 metra af götubreiddinni. Með aðeins 3 m akreinum fyrir bílaumferð yrðu gangstéttar 1,5-2 m þegar almennar gangstéttar eru 2,5 m. Er þá gert ráð fyrir að hvergi verði hægt að leggja við götuna og ekkert pláss yrði fyrir hjólandi umferð. Þá hefur verið skoðað að gera þarna eina akrein fyrir Borgarlínuna og fara um Lækjargötu eða jafnvel Hraunbrúnina. Allt kemur þetta fram í rýmisgreiningu sem Mannvit hefur unnið um þessa leið.

Ljóst er að Borgarlína með tveimur akreinum mun valda miklum þrengingum á þröngum Reykjavíkurvegi en í nágrannalöndum höfum við séð hús tekin eignanámi til að koma fyrir stofnbrautum. Hjólaleiðir eru allt of fáar í Hafnarfirði og framtíðarsýn er óljós en stöðugt fleiri nýta sér reiðhjól sem samgöngutæki. Spurning er hvort ástæða sé fyrir sér akreinar þar sem umferð gengur almennt vel en huga ætti frekar að því að leysa hnúta sem myndast t.d. við Flatahraun vegna lélegrar ljósastýringar. Svo má líka spyrja íbúana um það hvort þeir vilji Borgarlínu.

*Guðni Gíslason ritstjóri.*

# Leikfélag Hafnarfjarðar á leið til Mónakó

Þessa dagana standa yfir stífar æfingar á Ubba kóngi, en verkið verður sýnt í næstu viku á hinni virtu alþjóðlegu leiklistarhátíð Mondial du Théâtre í Mónakó.

Leikfélag Hafnarfjarðar frumsýndi Ubba kóng eftir Alfred Jarry í leikstjórn Ágústu Skúladóttur vorið 2015. Farið var með verkið á leiklistarhátíð í Austurríki í fyrra og nú leggur Ubbi enn á ný upp í langferð.

Mondial du Théâtre er haldin í Mónakó fjórða hvert ár á vegum AITA/IATA, International Association of Amateur Theatre, og Studio de Monaco. Tuttugu og fjórum leikhópum er boðið að taka þátt hverju sinni og sýnir hver leikhópur tvisvar sinnum. Sýningar LH á Ubba kóngi verða dagana 29. og 30. ágúst í Théâtre Princesse Grace.

„Leikfélagið er afar stolt af því að hafa verið valið til þátttöku á fremstu leiklistarhátíð heims á vettvangi áhugaleikhúss og er spennan í leikhópnum orðin mikil,“ segir Gísli Björn Heimisson formaður félagsins.

Leikarar eru 10 alls, tónlistin í verkinu er eftir Eyvind Karlsson og textar eftir Karl Ágúst Úlfsson og Þórarin Eldjárn. Steingrímur Gautur Kristjánsson þýddi.



*Guðlaug Björk Eiríksdóttir, leikkona og slagverksleikari, sultuslök í pásu.*

Ástjarnarkirkja
Sunnudagur 27. ágúst
**Messa kl. 11**
**í nýju kirkjunni**
**Kór Ástjarnarkirkju syngur undir stjórn Stefáns Henrýssonar.**
**Prestur er sr. Kjartan Jónsson**




**Auglýsingar**
**sími 565 3066 - 896 4613**
**gudni@fjardarfrettir.is**

Hönnun og umbrot
bækur | blöð | ársskýrslur
auglýsingar | skilti | matseðlar
ljósmyndir | greinarskrif
HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
sími 565 4513 | hhus@hhus.is | stofnað 1990

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn




ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

# Söngelskar konur ...




Kvennakór Hafnarfjarðar getur bætt við sig konum í allar raddir.

**Endilega komdu og kíktu í raddprófun fimmtudaginn 31. ágúst nk. í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar kl. 19:30.** Við tökum vel á móti þér!

Nánari upplýsingar á kvennakor.hafnarfjardar@gmail.com eða í síma 840 4005, Kristín.


FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU ÞÉR OSTAGOTT
Domino's
MEGAVIKA
1.490 KR
*ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 21.–27. ÁGÚST 2017.
PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EIN VIKA. EITT VERÐ.*
WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
Coca-Cola

**Ágætu bæjarbúar! Nú liggja fyrir æfingatöflur hjá deildum félagsins og framundan er áhugaverður íþróttavetur.**

Knattspyrnufélagið Haukar hvetur forráðamenn barna og unglinga til að kynna sér þá fjölþættu þjónustu sem iðkendum stendur til boða hér á Ásvöllum. Þátttaka í íþróttum stuðlar að heilbrigðum lífstíl og styrkir börn og unglinga í að takast á við ögrandi verkefni hvers dags.

**Verið velkomin á Ásvelli.**

# Handknattleiksdeild Hauka 2017-2018

| FLOKKUR | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar | Sunnudagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **M.fl. karla** | Ásvellir 19:30-21:00 | Ásvellir 18:00-19:30 | Ásvellir 18:00-19:30 | Ásvellir 19:30-21:00 | Ásvellir 17:00-18:30 | Ásvellir 11:00-12:30 | |
| M.fl. kvenna | Ásvellir 18:00-19:30 | | Ásvellir 19:30-21:00 | Ásvellir 18:00-19:30 | | Ásvellir 10:00-11:00 | |
| U-lið karla | | Ásvellir 19:30-21:00 | Ásvellir 21:00-22:30 | Ásvellir 21:00-22:00 | Ásvellir 18:30-20:00 | Strandata 14:00-16:00 | |
| B-lið kvenna | | | Kaplakriki 20:30–21:30 | Kaplakriki 19:30–20:30 | | | |
| 3. fl. karla fæddir ´99,´00 og ´01 | Ásvellir 21:00-22:30 | | Ásvellir 21:00-22:30 | Ásvellir 21:00-22:00 | Strandgata 20:00-22:00 | Strandgata 14:00-16:00 | |
| 3. fl. kvenna fæddar ´99,´00 og ´01 | | Ásvellir 21:00-22:30 | | | Ásvellir 20:00-21:30 | | |
| 4. fl. karla fæddir ´02 og ´03 | | | Strandgata 19:00-21:00 | | Strandgata 19:00-20:00 | Strandgata 12:00-14:00 | Ásvellir 13:30-15:00 |
| 4. fl. kvenna fæddar ´02 og ´03 | Ásvellir 16:20-17:10 | | Strandgata 16:00-17:00 | | Strandgata 16:00-17:00 | | Ásvellir 15:00-16:30 |
| 5. fl. karla fæddir ´04 og ´05 | | | Strandgata 18:00-19:00 | | Strandgata 18:00-19:00 | Strandgata 10:00-12:00 | Ásvellir 12:00-13:30 |
| 5. fl. kvenna fæddar ´04 og ´05 | Ásvellir 17:10-18:00 | | Strandgata 17:00-18:00 | Ásvellir 16:10-17:10 | Strandgata 17:00-18:00 | | |
| 6. fl. karla fæddir ´06 og ´07 | | | Ásvellir 17:00-18:00 | | Ásvellir 16:00-17:00 | Ásvellir 12:30-14:00 | |
| 6. fl. kvenna fæddar ´06 og ´07 | | Ásvellir 16:00-17:00 | Ásvellir 16:00-17:00 | | | | Ásvellir 11:00-12:00 |
| 7. fl. karla fæddir ´08 og ´09 | Ásvellir 15:30-16:20 | Ásvellir 15:00-16:00 | | Ásvellir 15:20-16:10 | | | |
| 7. fl. kvenna fæddar ´08 og ´09 | | | Ásvellir 16:00-17:00 | Hraunvallask. 16:00-17:00 | | | Ásvellir 10:00-11:00 |
| 8. fl. karla og kvenna 2010 og yngri | | Ásvellir 17:00-18:00 | | Ásvellir 17:10-18:00 | | | |

**Þjálfarar**

| | |
|---|---|
| 8. flokkur kvenna | Jóhann Ingi Guðmundsson 771 2976 |
| 7. flokkur kvenna | Jörgen Freyr Ólafsson 893 0460 |
| 6. flokkur kvenna | Ægir Örn Sigurgeirsson 864 5172 |
| 5. flokkur kvenna | Þorkell Magnússon 854 1090 |
| 4. flokkur kvenna | Þorkell Magnússon 854 1090 og Herbert Ingi Sigfússon |
| 3. flokkur kvenna | Elías Már Halldórsson 896 2042 |
| M. flokkur kvenna | Elías Már Halldórsson 896 2042 |
| 8. flokkur karla | Jóhann Ingi Guðmundsson 771 2976 |
| 7. flokkur karla | Gunnar Magnússon 899 3260 |
| 6. flokkur karla | Brynjólfur Snær Brynjólfsson 895 1323 |
| 5. flokkur karla | Jóhann Ingi Guðmundsson 771 2976 |
| 4. flokkur karla | Oliver Jóhannsson 772 0214 |
| 3. flokkur karla | Einar Jónsson 617 1725 |
| U-lið karla | Maksim Akbachev 867 4629 |
| M. flokkur karla | Gunnar Magnússon 899 3260 |

# Karatedeild Hauka 2017-2018

Gildir frá og með 28. ágúst 2017

| Tími | Mánudagur | Þriðjudagur | | Miðvikudagur | Fimmtudagur | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 18:00 | FB2 | B1 | FB1 | FB2 | B1 | FB1/FB2 |
| 19:00 20:00 20:30 | FU1/FU2 | FU1 | | FU2 | FU1/FU2 | |
| 21:00 21:30 22:00 | Þrek | Kata | | | Kumite | |

**Aldursskipting**

| | |
|---|---|
| Börn | 6-11 |
| Unglingar | 12-16 |
| Fullorðnir | 17 ára og eldri |

| Flokkur | | Þjálfarar |
|---|---|---|
| B1 | Byrjendur yngri | Eva |
| FB1 | Framhald börn hálft gult og gult | Kristján |
| FB2 | Framhald börn hálft appelsínugult og yfir | Eva/Kristján |
| FB1/FB2 | Sameiginleg æfing FB1 og FB2 | Kristján |
| FU1 | Byrjendur og framhald unglingar og fullorðnir, blátt belti | Kristján/Helgi |
| FU2 | Framhald unglingar og fullorðnir, fjólublátt belti og yfir | Kristján |
| FU1/FU2 | Sameiginleg æfing FU1 og FU2 | Gunni |
| Þrek | | Ýmsir |
| Kata | | Ýmsir |
| Kumite | | Ýmsir |

# Knattspyrnufélagið Haukar – Ásvöllum

## Körfuknattleiksdeild Hauka 2017-2018

| FLOKKUR KARLA/ÁRGANGUR | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar | Sunnudagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur** | Ásvellir B<br>kl. 19:30 - 21:00 | Ásvellir B<br>kl. 19:30 - 21:00 | Ásvellir B<br>kl. 18:00 - 19:30 | Ásvellir B<br>kl. 19:00 - 20:30 | Ásvellir B<br>kl. 17:00 - 18:30 | Ásvellir B<br>kl. 11:30 - 13:00 | |
| **Drengja- + unglingafl.**, 1997-2001<br>Ívar Ásgrímsson | Ásvellir B<br>kl. 21:00 - 22:30 | Ásvellir B<br>kl. 21:00 - 22:30 | | Ásvellir B<br>kl. 20:30 - 21:30 | | Ásvellir B<br>kl. 15:30 - 17:00 | Ásvellir B<br>kl. 17:00-18:30 |
| **9. - 10. flokkur,** 2002-2003 | | Ásvellir B<br>kl. 16:20 - 17:10 | | Bjarkarhús<br>kl. 17:15 - 18:30 | | Ásvellir B<br>kl. 13:00 - 14:15 | Ásvellir B<br>kl. 12:00 - 13:15 |
| **7. - 8. flokkur**, 2004-2005<br>Emil Barja | | Ásvellir B<br>kl. 15:30 - 16:20 | | Bjarkarhús<br>kl. 16:00 - 17:15 | | Ásvellir B<br>kl. 14:15 - 15:30 | Ásvellir B<br>kl. 13:15 - 14:30 |
| **Minnibolti 10-11 ára**, 2006-2007<br>Marel Örn Guðlaugsson | Hraunvallaskóli<br>kl. 18:00 - 20:00 | | Ásvellir B<br>kl. 16:00 - 17:00 | | Ásvellir B<br>kl. 16:00 - 17:00 | | Ásvellir B<br>kl. 10:00 - 11:00 |
| **Minnibolti 8-9 ára**, 2008-2009 | Hraunvallaskóli<br>kl. 16:00 - 17:00 | Hraunvallaskóli<br>kl. 18:00 - 19:00 | | | | | Ásvellir B<br>kl. 11:00 - 12:00 |
| **Byrjendaflokkur**, 2010-2011 | Ásvellir B<br>kl. 17:10 - 18:00 | | Ásvellir B<br>kl. 17:00 - 18:00 | | | | |

| FLOKKUR KVENNA/ÁRGANGUR | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar | Sunnudagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Meistaraflokkur**<br>Ingvar Guðjónsson | Ásvellir B<br>kl. 18:00 - 19:30 | Ásvellir B<br>kl. 18:00 - 19:30 | Ásvellir B<br>kl. 19:30 - 21:00 | | Ásvellir B<br>kl. 18:30 - 20:00 | Ásvellir B<br>kl. 13:40 - 15:00 | |
| **Stúlknaflokkur**<br>Helena Sverrisdóttir | | | | Ásvellir B<br>kl. 17:45 - 19:00 | Ásvellir B<br>kl. 20:00 - 21:30 | | Ásvellir B<br>kl. 15:45 - 17:00 |
| 9. - 10. flokkur, 2002-2003<br>Rúnar | | Ásvellir B<br>kl. 17:10 - 18:00 | Ásvellir B<br>kl. 21:00 - 22:30 | Bjarkarhúsið<br>kl. 18:30 - 20:00 | | Hraunvallaskóli<br>kl. 13:40 - 15:00 | |
| **7. - 8. flokkur**, 2004-2005<br>Helena Sverrisdóttir | Ásvellir B<br>kl. 15:30 - 16:20 | Hraunvallaskóli<br>kl. 16:00 - 17:00 | | Ásvellir B<br>kl. 15:30 - 16:45 | | | Ásvellir B<br>kl. 14:30 - 15:45 |
| **Minnibolti 10 - 11 ára**, 2006-2007<br>Dýrfinna Arnard. og Magdalena Gíslad. | Ásvellir B<br>kl. 16:20 - 17:10 | Hraunvallaskóli<br>kl. 17:00 - 18:00 | | | Hraunvallaskóli<br>kl. 16:00 - 17:00 | Hraunvallaskóli<br>kl. 12:30 - 13:40 | |
| **Minnibolti 8 - 9 ára**, 2008-2009<br>Emil Sigurðsson | Hraunvallaskóli<br>kl. 17:00 - 18:00 | | | Ásvellir B<br>kl. 16:45 - 17:45 | | Hraunvallaskóli<br>kl. 11:30 - 12:30 | |
| **Byrjendaflokkur**<br>Kristinn Jónasson | | | | Ásvellir B<br>kl. 16:45 - 17:45 | | Hraunvallaskóli<br>kl. 10:30 - 11:30 | |

## Knattspyrnudeild Hauka 2017-2018

Ásvellir gervigras

| Tími | Mánudagur | | Þriðjudagur | | Miðvikudagur | | Fimmtudagur | | Föstudagur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Völlur A | Völlur B | Völlur A | Völlur B | Völlur A | Völlur B | Völlur A | Völlur B | Völlur A | Völlur B |
| 14:30 | | | | | | | | | | Afrekssk. |
| 15:00 | 5. fl. kk | 5. fl. kk | | 6 .fl. kvk | 5. fl. kk | 5. fl. kk | 4. fl. kk | 4. fl. kk | | Afrekssk. |
| 15:30 | 5. fl. kk | 5. fl. kk | | 6. fl. kvk | 5. fl. kk | 5. fl. kk | 4. fl. kk | 4. fl. kk | | Afrekssv. |
| 16:00 | 4. fl. kk | 4 .fl. kvk | | 7. fl. kvk | 6. fl. kk | 6. fl. kk | 7. fl. kk | 6. fl. kk | 7. fl. kk | Afrekssv. |
| 16:30 | 4. fl. kk | 4. fl. kvk | | 7. fl. kvk | 6. fl. kk | 6. fl. kk | 7. fl. kk | 6. fl. kk | 7. fl. kk | 3. fl. kk |
| 17:00 | 4. fl. kk | 4 .fl. kk | 5. fl.kvk | 8. fl. / | 4. fl. kk | 4. fl. kk | 4. fl. kvk | 5. fl. kvk | 3. fl. kvk | 3. fl. kk |
| 17:30 | 4. fl. kk | 4. fl. kk | 5. fl.kvk | 3. fl. kvk | 4. fl. kk | 4. fl. kk | 4. fl. kvk | 5. fl. kvk | 3. fl. kvk | 3. fl. kk |
| 18:00 | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kvk | Mfl. kvk | Mfl .kvk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kvk |
| 18:30 | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kvk | Mfl. kvk | Mfl. kvk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kvk |
| 19:00 | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kvk | Mfl. kvk | Mfl. kvk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kk | Mfl. kvk |
| 19:30 | Mfl. kvk | 2. fl. kk | 2. fl. kk | 3. fl. kk | 3. fl. kk | 2. fl. kk | 2. fl .kk | 2. fl. kk | LEIKIR | |
| 20:00 | Mfl. kvk | 2. fl. kk | 2. fl. kk | 3. fl. kk | 3. fl. kk | 2 fl. kk | 2. fl. kk | 2. fl. kk | En ef | ekki þá |
| 20:30 | Mfl. kvk | 2. fl. kk | 2. fl. kk | 3. fl .kk | 3. fl. kk | 2. fl. kk | 2. fl. kk | 2. fl. kk | æfing hjá | 2. fl. kk |
| 21:00 | | | | | | | | | | |
| 21:30 | | | | | | | | | | |
| 22:00 | | | | | | | | | | |
| 22:30 | | | | | | | | | | |

| Tími | Laugardagur | | Sunnudagur | |
|---|---|---|---|---|
| | Völlur A | Völlur B | Völlur A | Völlur B |
| 09:00 | | | | |
| 09:30 | Mfl. kk | Mfl. kk | | |
| 10:00 | Mfl. kk | Mfl. kk | 5. fl. kvk | 7. fl. kvk |
| 10:30 | Mfl. kk | Mfl. kk | 5. fl. kvk | 7. fl. kvk |
| 11:00 | 6. fl. kk | 6. fl. kk | 4. fl. kvk | 6. fl. kvk |
| 11:30 | 6. fl. kk | 6. fl. kk | 4. fl. kvk | 6. fl. kvk |
| 12:00 | 5. fl. kk | 5. fl. kk | 4. fl. kvk | 7. fl. kk |
| 12:30 | 5. fl. kk | 5. fl. kk | | 7. fl. kk |
| 13:00 | 4. fl. kk | 4. fl. kk | 3. fl. kvk | 3. fl. kk |
| 13:30 | 4. fl. kk | 4. fl. kk | 3. fl. kvk | 3. fl. kk |
| 14:00 | 4. fl. kk | 4. fl. kk | LEIKIR | LEIKIR |
| 15:00 | 4. fl. kk | 4. fl. kk | FH | FH |
| 16:00 | | | FH | FH |
| 17:00 | | | FH | FH |
| 18:00 | | | FH | FH |
| 19:00 | | | FH | FH |
| 20:00 | | | FH | FH |
| 21:00 | | | FH | FH |
| 22:00 | | | FH | FH |

**www.haukar.is**

og finndu okkur á Facebook

# Fyrstu skóflustungur teknar að Skarðshlíðarskóla

## Skólastarf er hafið í nýrri Ástjarnarkirkju og gömlu safnaðarheimili

96 börn hafa hafið nám í nýjum Skarðshlíðarskóla þó aðeins sé búið að taka fyrstu skóflustungurnar að nýrri skólabyggingu.

Það var gert á mánudaginn er Alexander Dýri Eyjólfsson elsti nemendi skólans og Kristbjörg Eva Arnarsdóttir yngsti nemandi skólans munduðu stunguskóflurnar en þeim til aðstoðar voru Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar og Rósa Guðbjartsdóttir formaður fræðsluráðs.

Það er verktakafyrirtækið Eykt sem byggir skólann eftir útboð. Fyrsta áfanga framkvæmdarinnar á að vera lokið haustið 2018 en þá flyst öll kennsla þangað. Gert er ráð fyrir að sumarið 2019 verði húsnæði fyrir leikskólann tilbúið og að ári síðar verði skólinn fullbyggður; grunn- og leikskóli, tónlistarskóli og íþróttahús.



Ljósm.: Guðni Gíslason

*Guðlaug, Alexander Dýri, Kristbjörg Eva og Rósa taka fyrstu skóflustungurnar.*



*Rósa Guðbjartsdóttir flytur ávarp.*



Ljósm.: Guðni Gíslason

*Símon Reynir Unndórsson, Páll Daníel Sigurðsson framkvæmdastjóri Eyktar, arkitekt, Pétur Fannar Sævarsson og Þorgeir Margeirsson verkefnastjóri.*

### GRUNNSKÓLI MEÐ 400-500 NEMENDUR

Skarðshlíðarskóli verður með tveimur bekkjardeildum í hverjum árgangi, húsnæði grunnskólans verður um 6.800 m², tónlistarskólans um 480 m² en hann mun geta annað allt að 200 nemendum, leikskólas um 760 m² með um 80-90 nemendur og íþróttahús um 870 m², samtals um 8.910 m².

Ingibjörg Magnúsdóttir er skólastjóri hins nýja skólans og sagði hún að fyrsta árið muni einkennast af þróunarstarfi í nýjum skóla en lögð verði áhersla á skapandi skólastarf og fjölbreytta kennsluhætti. Þá verði mikil áhersla lögð á lýðræði og umhverfismál en að sjálfsögðu verður mest áhersla lögð á námsárangur nemenda.



Ljósm.: Guðni Gíslason

*Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri.*



Ljósm.: Guðni Gíslason

*Boðið var til móttöku í Ástjarnarkirkju að lokinni skóflustungu.*


**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Til sölu**

**Nytjamarkaður að Eyrartröð 5.** Föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Opið kl. 13-18

**þjónusta**

**Garðsláttur í einum grænum.** Tek að mér garðslátt og önnur smáverk. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Bílaþrif. Kem og sæki.** Bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.** Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

**smáauglýsingar**
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.
Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

**FRÉTTASKOT**

Sendu fréttaskot á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

**ÍÞRÓTTAFRÉTTASKOT** á sport@fjardarfrettir.is




**Þú getur enn tekið þátt!**

**Markmiðið með leiknum er að hvetja til útivistar og náttúruskoðunar í fjölbreyttu landi upplands Hafnarfjarðar og um leið að vekja athygli á þeim fjölmörgu perlum sem leynast í okkar næsta nágrenni.**

**Stendur til 25. september**










# Á DÖFINNI

## Nýtt í Hafnarborg

Tvær sýningar verða opnaðar í Hafnarborg á morgun, föstudag kl. 20. Það eru sýningarnar **„Málverk – ekki miðill“** í aðalsal safnsins sem samanstendur af verkum níu listamanna og sýningin **„Erindi“**, innsetning Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur, verður opnuð í Sverrissal.

Haustsýning Hafnarborgar er sýningin Málverk – ekki miðill. Á sýningunni eru verk eftir Fritz Hendrik Berndsen, Hildi Bjarnadóttur, Huldu Stefánsdóttur, Ingunni Fjólu Ingþórsdóttur, Jakob Veigar Sigurðsson, Magnús Helgason, Melanie Ubaldo, Sigurð Guðjónsson og Þorgerði Þórhallsdóttur.

## Hjarta Hafnarfjarðar

Tónlistar- og bæjarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar hefst í kvöld **í Bæjarbíói** með tónleikum Bjartmars Guðlaugssonar, Björgvins Halldórssonar og hljómsveitar, Valdimars og Jóns Jónssonar og hljómssveitar.

Stanslaus gleði kl. 19-24 fimmtudag, föstudag og laugardag. Á föstudag koma fram Moses Hightower, Kyriama family, Amabadama og Dúkkulísur og á laugardag, Jónas Sig. og ritvélar framtíðarinnar, Friðrik Dór, Lára Rúnars og Ceasetone. Miðar seldir á Tix.is

*Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is*

# Viðhald fasteigna skiptir máli

Ritstjóri Fjarðarfrétta gerir viðhaldsmál í bænum að umtalsefni í síðasta leiðara sínum og minnir á að ekki er nægilegu fjármagni ráðstafað til viðhaldsmála almennt hjá bænum. Þetta er hárrétt hjá ritstjóranum enda vantar verulegt fjármagn til þess að vinna upp uppsafnaðan vanda þar sem í mörg ár hefur ekki verið sett fjármagn í málaflokkinn í samræmi við heildarmagn fasteigna auk þess sem verulegar skerðingar voru á fjármagni til viðhalds í nokkur ár eftir hrun, en á árunum 2009 til 2012 var einungis 56 milljónum árlega ráðstafað til viðhalds fasteigna bæjarins. Frá árinu 2013 hafa um 200 milljónir verið til ráðstöfunar árlega en miðað við eignasafn bæjarins ætti sú fjárhæð að vera nær helmingi hærri. Í viðhaldsmálum hefur síðan verið í forgangi að laga lekavandamál og takast á við myglu þar sem hún hefur komið upp. Við í umhverfis- og framkvæmdaráði höfum lagt mikla áherslu á að auka fjármagn til viðhalds og sannarlega hefur það verið aukið á undanförnum árum en betur má ef duga skal.


Helga Ingólfsdóttir

Ennfremur höfum við lagt áherslu á að rýna ástand og gagnsemi eigna og tillaga okkar um að taka til skoðunar sölu eða breytingar á notum á 4 eignum á síðasta ári er liður í þessari vinnu en með því að endurskoða eignasafnið eftir því sem svigrúm gefst minnkar viðhaldsþörf auk þess sem möguleikar á tekjum aukast.

Hafnfirðingar huga vel að sínu nærumhverfi og eru margir virkir í athugasemdum á facebook um það sem betur má fara. Í stóru sveitarfélagi er í mörg horn að líta og gott að íbúar hafi vakandi auga yfir því sem betur má fara. Facebook hópar eru í gangi í flestum hverfum bæjarins og það er góður vettvangur til að setja inn athugasemdir og hrós eftir því sem við á. Vilji til að gera betur er til staðar en aukið fjármagn til málaflokksins er lykilatriði.

*Höfundur er bæjarfulltrúi, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs og varaformaður fjölskylduráðs.*

# ÍÞRÓTTIR

## Fótbolti:

24. ágúst, Portúgal
Braga - FH, *meistaradeild UEFA*

25. ágúst kl. 18, Kórinn
HK - Haukar, *1. deild karla*

27. ágúst kl. 19.15, Garðabær
Stjarnan - FH, *úrvalsdeild karla*

**30. ágúst kl. 19.15, Ásvellir**
**Haukar - Fylkir**, *1. deild karla*

**ÚRSLIT KVENNA:**
Breiðablik - Haukar: (miðv.dag)
FH - ÍBV: 1-1
Haukar - Þór/KA: 1-4
KR - FH: 2-1

**ÚRSLIT KARLA:**
FH - Braga: 1-2
Haukar - Keflavík: 4-2

## Handbolti:

**25. ágúst kl. 18. Strandgata**
**Haukar - Afturelding**, *Hfj.mótið*

**25. ágúst kl. 20. Strandgata**
**FH - Valur**, *Hfj.mótið*

26. ágúst kl. 14. Strandgata
Afturelding - Valur, *Hfj.mótið*

**26. ágúst kl. 16. Strandgata**
**FH - Haukar**, *Hfj.mótið*

**ÚRSLIT KARLA:**
FH - Afturelding: (miðv.dag)
Haukar - Valur: (miðv.dag)


Allir í dans

Kennsla hefst mánudaginn 4.sept.

Street Jazz
Rosa stuð fyrir 7 - 10 ára & 11 - 15 ára. Kennt 2x í viku.

Samkvæmisdansar
Barna- og unglingahópar
Hjóna- og keppnishópar
Byrjendur og framhald

Keppnishópar
Í samkvæmisdönsum

Break - Hip Hop
Kennt 2x í viku

Salsa
Hjóna- og einstaklingshópar

Jazzleikskólinn
3. - 4. ára. Frábærir tímar fyrir þau yngstu

16 vikna námskeið

Innritun á www.dih.is sími: 861-6522

Kennslustaðir:
Haukahraun 1 og Íþróttahús Setbergsskóla, 220 Hafnarf.



DÍH Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar
Haukahraun 1 - Hafnarfirði - www.dih.is - dihdans@simnet.is

ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a
Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.
Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.
Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.
ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

# Frjálsíþróttadeild FH

## Æfingar yngri flokka 2017-2018



Frjálsíþróttadeild FH býður upp á frjálsíþróttaæfingar fyrir börn og unglinga í 1.-10. bekk grunnskóla. Æfingarnar fara fram í glæsilegri aðstöðu í frjálsíþróttahúsi FH-inga og á frjálsíþróttavellinum í Kaplakrika (þegar veður leyfir).

**Æfingar hefjast samkvæmt nýrri æfingatöflu:**

- Hófust 22. ágúst 2017: 1. og 2. bekkur (2010-2011), 3. og 4. bekkur (2008-2009)
- Mánudaginn 28. ágúst 2017: 5. og 6. bekkur (2006-2007), 7. og 8. bekkur (2004-2005), 9. og 10. bekkur (2002-2003)

Allar upplýsingar um æfingagjöld og niðurgreiðslu Hafnarfjarðarbæjar fyrir hvern aldursflokk er að finna á www.fh.is/frjalsar/aefingatimar

## Æfingatafla vetrarins hjá 1.-10. bekk

| Upplýsingar um flokka | Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Piltar og stúlkur fædd 2010-2011 (1. og 2. bekkur)**<br>Þjálfari: Arna Stefanía Guðmundsdóttir og aðstoðarþjálfarar.<br>Uppl. veitir Arna: arnastefania@gmail.com | 16:10-17:00 | | 16:10-17:00 | | | |
| **Piltar og stúlkur fædd 2008-2009 (3. og 4. bekkur)**<br>Þjálfari: Hermann Þór Haraldsson og aðstoðarþjálfarar.<br>Uppl. veitir Hermann: hermannthh@hotmail.com | | 16:00-16:50 | | 16:00-16:50 | | |
| **Piltar og stúlkur fædd 2006-2007 (5. og 6. bekkur)**<br>Þjálfari: Felix Woelflin og aðstoðarþjálfari.<br>Uppl. veitir Felix: felix.e.woelflin@gmail.com | 17:00-18:00 | | 17:00-18:00 | | 16:30-17:30 | |
| **Piltar og stúlkur fædd 2004-2005 (7. og 8. bekkur)**<br>Þjálfari: Hermann Þór Haraldsson og aðstoðarþjálfari.<br>Uppl. veitir Hermann: hermannthh@hotmail.com | 16:30-18:00 | 16:30-18:00 | | 16:30-18:00 | 16:00-17:30 | |
| **Piltar og stúlkur fædd 2002-2003 (9. og 10. bekkur)**<br>Þjálfari: Bogi Eggertsson og aðstoðarþjálfari.<br>Uppl. veitir Bogi á netfanginu: boe12@hi.is | 18:00-19:30 | 18:00-19:30 | | 18:00-19:30 | 17:30-19:00 | 11:00-13:00 |

* *Nánari upplýsingar á www.fh.is/frjalsar og á www.fh.frjalsar.net*

** *Upplýsingar um æfingatíma 17 ára og eldri veitir Ragnheiður Ólafsdóttir yfirþjálfari á netfanginu: ragnheiduro@vidistadaskoli.is*

# Fundu hleðslu úr Reykdals-húsi

Við lokafrágang á lóðinni þar sem húsnæði Dvergs stóð fundust hleðslur sem Minjanefnd telur mjög líklegt að sé úr íbúðarhúsi Jóhannesar Reykdals sem var neðst við Brekkugötu.



Ljósm.: Guðni Gíslason

*Hleðslan er við Brekkugötu þar sem hús frá um 1930 stóð.*

Húsið var byggt árið 1905 en Jóhannes hafði gifst Þórunni Böðvarsdóttur í maí mánuði 1904. Húsið var innflutt líklega frá Noregi svokallað „katalogshús“ og í brunavirðingu Brunabótafélags Íslands frá 1917 er húsinu lýst eftirfarandi: Húsið er einlyft með porti og risi 2,40 m. Lengd 8,15 m, breidd 6.50, hæð 3,77, með 11 gluggum. Niðri er því skipt í 3 stofur og eldhús, stofurnar eru fóðraðar. Uppi er því skipt í 4 herbergi og eldhús. Allt húsið klætt innan með panel og málað. Raflýst og notað til íbúðar. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og járnvarið. 11 gluggar eru á húsinu. Undir öllu húsinu er kjallari úr grjóti, 1,50 m á hæð með 4 gluggum, notaður til geymslu. Anddyri úr timbri, einlyft með veggsvölum og turni, lengd 2,30, breidd 1,30, hæð 3,14 m. Klætt innan með panel og málað. Inngönguskúr úr timbri með vatnshallaþaki og einum glugga, 2 m á lengd, 1.50 m á breidd og 2.80 á hæð.

Húsið þótti hið fallegasta en svo óheppilega vildi til að 17. maí 1930 kviknaði í því en það hafði verið mannlaust um nokkurn tíma nema þennan dag hafði verið kveikt upp ofni í húsinu og talið var að kviknaði hafi út frá honum. Húsið skemmdist það mikið að ekki var talið að viðgerð borgaði sig. Var húsið selt til niðurrifs en allt heillegt timbur úr húsinu var endurnýtt annarsstaðar.



Ljósmynd í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar

*Húsin við Brekkugötu fyrir 1930. Reykdalshúsið fremst.*